



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir, formaður

Kópavogi, 4. febrúar 2025

Efni: Minnisblað um samræmda móttöku flóttafólks í Kópavogi

Kópavogsbær skrifaði undir þjónustusamning um samræmda móttöku flóttafólks þann 22. júní 2023. Markmið samningsins var að samræma móttöku flóttafólks þannig að ríki og sveitarfélög tryggi flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan fólk kemur. Gildistími þess samnings var 1. apríl 2023 - 31. desember 2023.

Á fundi velferðarráðs Kópavogsbæjar þann 26. febrúar 2024 var lögð fram til afgreiðslu drög að áframhaldandi samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, vegna samræmdrar móttöku flóttafólks.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Velferðarráð samþykkir fyrir sitt leyti að ritað verði undir áframhaldandi samning um móttöku flóttafólks til sex mánaða, eða 31. júní 2024.

Sviðsstjóra velferðarsviðs er veitt heimild til að framlengja samninginn um sex mánuði til viðbótar, eða til 31. desember, að fengnum tillögum starfshóps um framtíðarsamning sbr. 10. gr. þjónustusamnings um samræmda móttöku flóttafólks.

Málinu vísað áfram til bæjarráðs og bæjarstjórnar til staðfestingar.

Nýr samningur um samræmda móttöku flóttafólks var undirritaður 8. mars 2024 en gildistími hans var 1. janúar 2024 - 30. júní 2024 eins og kemur fram í bókun velferðarráðs hér að ofan.

Umræddur starfshópur lauk störfum þegar það urðu ríkisstjórnarslit án þess að skila inn tillögum að úrbótum á samningi. Samkvæmt upplýsingum frá Maríu Ingibjörgu Kristjánsdóttur félagsþjónustufulltrúa hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þá hafa engar formlegar tillögur verið kynntar eða lagðar fram en hún veit til þess að starfshópurinn hafi meðal annars rætt um endurskoðun á kostnaðarlíkaninu, einfaldari skil á gögnum til Vinnumálastofnunar, aðkomu annarra kerfa s.s. heilbrigðiskerfisins og að sett væri inn í samninginn kostnað vegna skólagöngu barna. Ennfremur fjallaði starfshópurinn um tillögu þess efnis að það væri hægt að sækja um í sérstaka sjóði þegar um væri að ræða þjónustubúp mál eins og fötlunarmál og barnaverndarmál.



Þrátt fyrir að umræddur starfshópur hafi ekki skilað tillögum um breytt fyrirkomulag á samningi þá er lagt til að gerður verði nýr samningur um samræmda móttöku flóttafólks í Kópavogi með gildistíma frá 1. janúar 2025 til 30. júní 2025 eða til sex mánaða. Á tímabilinu verður haldið áfram með samtal við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um framlengingu á stuðningi við flóttafólk. Til upplýsingar þá hafa önnur nágrannasveitarfélög samþykkt samninginn til eins árs nema Hafnarfjörður sem gerði sex mánaða samning.

Í dag eru 140 einstaklingar í samræmdri móttöku flóttafólks í Kópavogi, þar af eru 34 börn í þjónustu. Sjá nánar lykiltölur í töflu 1 hér fyrir neðan.

Tafla 1

Samræmd móttaka flóttafólks	Fjöldi í þjónustu	Þar af börn	Flutt/hætt í þjónustu	Samtals
Fjöldi tilvísana frá upphafi	140	34	106	246

Fjöldi barna í leik/grunnskóla	29	Fimm börn á bið eftir leikskóla
Fjárhagsaðstoð	36	Fimm einstaklingar eru eldri en 67 ára
Á vinnumarkaði	70	

Allir þeir sem eru með fjárhagsaðstoð eru á námskeiðum hjá VMST eða á bið eftir að komast á námskeið á íslenskunámskeið og á Landnemann. Flestir eru frá Palestínu og Úkraínu og helstu áskoranir í vinnu með flóttafólk í Kópavogi eru erfiðleikar við það að finna húsnæði, fólk býr mjög þröngt og foreldrar eru að veigra sér við því að skrá börn í tómstundir. Það eru fimm fjölskyldur í samþættri þjónustu í þágu farsældar barna í barna og fjölskylduteyminu.

Virðingarfyllt,
Þóra Kemp
skrifstofustjóri